

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 104/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ásvaldi Friðrikssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.) og

Hallgrími Sigurði Sveinssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Opinber fjársöfnun. Upptaka eigna. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákærvalds með stefnu 14. mars 1995. Krefst ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærðu dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði Ásvaldur Friðriksson krefst þess, að sér verði einungis gert að sæta vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þá krefst hann sýknu af kröfu ákærvalds um upptöku ólöglegs ávinnings af keðjubréfastarfsemi ákærðu, en til vara krefst hann þess, að þeirri kröfu verði vísað frá dómi. Hann fellst hins vegar á þá kröfu ákærvalds, að honum verði gert að sæta upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærði Hallgrímur Sigurður Sveinsson krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákærvalds, en til þrautavara, að sér verði einungis gerð vægasta refsing að lögum og að hún verði skilorðsbundin. Þá krefst hann þess sérstaklega, að vísað verði frá kröfu um, að honum verði gert að sæta upptöku á þeim gögnum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, svo og kröfu um upptöku ólöglegs ávinnings, en til vara krefst hann sýknu af þeim kröfum.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, stofnuðu ákærðu til og hófu dreifingu á peningakeðjubréfum um miðjan janúar 1994. Meðal

skjala málsins er svokölluð þátttökutilkynning í „leiknum Auðbjörgu“ og enn fremur „leiðbeiningar og reglur“ til þeirra, er þáttvildu taka. Nafn þátttakanda skyldi skráð í þar til gerðan reit á þátttökutilkynningu, en þeim fjórum mönnum, sem áður höfðu skráð sig á tilkynninguna, átti hinn nýi þátttakandi að greiða 1.000 krónur hverjum. Tilkynningin skyldi síðan send til félags ákærðu, Landsmálafélagsins, ásamt 1.000 króna greiðslu fyrir þátttöku og kvittun um viðtöku á greiðslu frá þeim fjórum, sem ofar stóðu á skjalinu. Í kjölfar þess sendi félagið hinum nýja þátttakanda um hæl fjórar þátttökutilkynningar með nafni hans nr. 4 í röðinni, en nafn þess, sem stóð efstur á fyrri tilkynningu, hafði verið fellt brott. Hlutverk hins nýja þátttakanda var síðan að selja með sama hætti þær fjórar þátttökutilkynningar, sem hann hafði fengið. Í hinum skriflegu leiðbeiningum til þátttakenda kemur meðal annars fram, að ef „keðjan gengur upp“, fái viðkomandi 340.000 krónur í sinn hlut, áður en yfir ljúki.

Fyrir Hæstarétti hefur ákærði Ásvaldur gengist við þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og fallist á, að hún sé refsiverð. Ákærði Hallgrímur krefst hins vegar sýknu með þeim rökum, að starfsemi ákærðu feli ekki í sér refsivert brot. Hafi ákærðu ekki verið að safna fé, hvorki sér til handa né til félags síns. Hafi sú þóknun, er þeir tóku sér, eingöngu runnið til að greiða áfallinn kostnað. Verði starfsemi ákærðu ekki jafnað til opinberra fjársafnana í skilningi laga nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir.

Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Samkvæmt 2. ml. 4. gr. laganna er fjársöfnun með keðjubréfum óheimil. Í greinargerð, er fylgdi frumvarpi til þeirra laga, kemur fram sú skýring á ákvæðinu, að keðjubréf í fjáröflunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi sem þær kunni að vera gerðar. Starfsemi ákærðu var ótvírætt rekin í fjáröflunarskyni. Eru brot ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Verður niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest.

II.

Krafa ákærða Hallgríms um ómerkingu málsins í heild er á því reist, að rannsókn þess sé svo ófullkomin, að ekki sé unnt að leggja dóm á málið. Verður ekki á það fallist, að annmarkar á rannsókn

gefi tilefni til að taka þá kröfu til greina. Sama niðurstaða verður um þá kröfu hans, að vísað verði frá dómi kröfu ákærvalds um, að ákærðu sæti upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Verður sú krafa ákærvalds tekin til greina.

Rannsókn málsins hefur meðal annars beinst að því að leiða í ljós, hvaða ávinning ákærðu hafi haft af hinni ólögsmætu starfsemi sinni. Verður ekki talið, að það hafi verið gert með viðhlítandi hætti, er lögreglurannsókn fór fram í kjölfar þess, að starfsemi ákærðu var stöðvuð. Ekki tókst að varpa skýrara ljósi á þennan þátt málsins við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsetta 15. október 1995. Þar kemur fram, að 11.-13. október sl. hafi verið talin gögn Landsmálafélagsins, sem lagt var hald á 1. mars 1994. Talin hafi verið öll bréf með óskum um þátttöku í peningakeðjunni. Reyndust þau vera 3.583. Kvittanir hafi einnig verið taldar og reynst vera 15.475, en af þeim hafi 3.095 verið kvittanir um greiðslu á 1.000 krónum til Landsmálafélagsins. Við þá framhaldsrannsókn, sem þarna var efnt til, var ekki gætt þess ákvæðis 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að verjanda skuli gefið færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Af þeim sökum verður nefnd skýrsla ekki lögð til grundvallar dómi um kröfu ákærvalds um upptöku ólögsmæts ávinnings.

Samkvæmt framansögðu er þessi þáttur málsins svo vanreifaður, að ekki verður hjá því komist að vísa þessari kröfu ákærvalds frá dómi.

III.

Eftir þessum úrslitum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um refsingu stefndu, greiðslu sakarkostnaðar og upptöku á þeim gögnum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Vísað verður frá dómi kröfu ákærvalds um upptöku ólögsmæts ávinnings.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að lýsing málavaxta í héraðsdómi er ófullnægjandi. Er það aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en upptöku ólöglegs ávinnings.

Kröfu ákærvalds um upptöku ólöglegs ávinnings er vísað frá héraðsdómi.

Ákærðu, Ásvaldur Friðriksson og Hallgrímur Sigurður Sveinsson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur. Þá greiði ákærði Ásvaldur málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, og ákærði Hallgrímur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 1. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á saka-málið nr. 814/1944: Ákærvaldið gegn Ásvaldi Friðrikssyni og Hallgrími Sigurði Sveinssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. janúar sl., er höfðað af hálfu ákærvalds með ákæru, út gefinni 8. nóvember 1994, á hendur Hallgrími Sigurði Sveinssyni, Mjóuhlíð 8, Reykjavík, fæddum 19. mars 1954, fæðingarnúmer 512, og Ásvaldi Friðrikssyni, Álfheimum 21, Reykjavík, fæddum 29. júlí 1959, fæðingarnúmer 455, fyrir brot á lögum um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977 með því sem forráðamenn og einkaeigendur Landsmálafélagsins, kennitala 540194-2389, Laugavegi 33 A, pósthólf 1762, Reykjavík, sem ákærðu stofnuðu og fengu skráð með kennitölu í janúar 1994, að hafa í því skyni að setja af stað fjársöfnun með keðjubréfum undir heitinu Auðbjörg útbúið eyðublöð fyrir slíka starfsemi, þátttökutilkynningar með leiðbeiningum og reglum fyrir starfseminu og afhent fyrstu keðjubréfin um eða laust eftir 15. janúar 1994 með sínum eigin nöfnum efstum fjögurra nafna til viðtöku væntanlegra greiðslna, en haldið síðan utan um starfseminu með því að senda þeim, sem óskuðu þátttöku og höfðu útfyllt þátttökutilkynningar og greitt þeim fjórum fyrstu, sem þar voru tilnefndir, 1.000 kr. hverjum, fjórar útfylltar þátttökutilkynningar til sölu. Þátttakendur greiddu hver um sig Landsmálafélaginu 1.000 kr. eða inn á reikning þess nr. 150300 í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, sem þátttökugjald. Er Rannsóknar-

lögregla ríkisins hafði afskipti af starfsemi ákærðu 1. mars 1994, höfðu um það bil 3.000 þátttakendur greitt þátttökugjald, og höfðu ákærðu með þeim hætti einum náð til sín miklum fjármunum, um þremur milljónum króna.

Teljast brot ákærðu varða við 2. ml. 4. gr., sbr. 10. gr. laga um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upp-töku á þeim gögnum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, skjölum í 17 kössum, 7 möppum með nafnalistum, kvittanahefti og tveimur þökkum með tölvudisklingum, samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þess að sæta upptöku ólöglegs ávinnings, 3.000.000 kr., samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. sömu laga.

Hinn 13. janúar sótti ákærði Hallgrímur um kennitölu til Hagstofu Íslands fyrir félag ákærðu, Landsmálafélagið, fræðslu- og kynningarfélag um landsmál. Næsta dag var félagið skráð. Ákærðu hófust síðan handa um að koma af stað fjársöfnun með keðjubréfum, eins og lýst er í ákæru, á vegum félagsins í húsnæði Hallgríms að Sundaborg 9–11, en um 20. febrúar fluttist starfsemin að Laugavegi 33 A, þar sem Ásvaldur starfaði með einum starfsmanni og hafði opna afgreiðslu. Að sögn Hallgríms störfuðu fimmtán manns með einum eða öðrum hætti við fyrirtækið. Í leiðbeiningum og reglum, sem ákærðu sömdu fyrir þátttakendur, segir, að þeir fái 340.000 kr., áður en yfir ljúki, gangi keðjan upp. Þátttökugjöld, sem inn komu, voru lögð inn á reikning nr. 150300 í Búnaðarbanka Íslands. Hinn 28. febrúar stofnaði Hallgrímur annan tékkareikning, nr. 1503, vegna félagsins í sama banka, og voru jafnframt millifærðar á hann 200.000 kr. Daginn eftir voru lagðar inn á reikninginn 2.200.000 kr. Hallgrímur ávísaði síðan út af reikningnum samtals 2.400.000 kr. með þremur handhafaávísunum. Hann hefur gert þá grein fyrir ávísunum þessum, að 400.000 kr. hafi runnið til hans sjálfs til greiðslu fyrir vinnu og vegna útlagðs kostnaðar, 800.000 kr. hafi farið til fyrirtækis hans, Kaupsýslu, til greiðslu fyrir afnot húsnæðis að Sundaborg 9–11 o. fl. 1.200.000 kr. runnu að sögn Hallgríms til Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar til að gera upp vinnulaun og/eða verklaun. Þá sagði Hallgrímur við lögreglu yfirheyrslu, að 500.000–600.000 kr. til viðbótar, sem komu inn fyrir þátttökugjöld, hefði verið ráðstafað í ýmsan kostnað. Hann taldi þátttakendur hafa verið þrjú þúsund. Hér fyrir dómi kvaðst hann telja ofáætlað, að 500.000–600.000 kr. til viðbótar hefðu komið inn í þátttökugjöld. Hann segir þá félagana hafa fengið 300.000–400.000 kr. í þóknun af þátttökugjöldum. Hann telur sig hafa fengið um 30.000 kr. út úr leiknum. Ásvaldur segist ekki hafa séð um peningamál. Við lögreglu yfirheyrslu sagðist hann aðeins hafa fengið 38.000 kr. af inn komnum þátttökugjöldum. Hér fyrir dómi

kvaðst hann hafa fengið 61.000 kr. út úr leiknum. Hann segist hafa sett eitt eða tvö bréf í umferð í upphafi og telur sama eiga við um Hallgrím.

Hinn 1. mars sl. var gerð húsleit að Laugavegi 33 A og Sundaborg 9-11 og hald lagt á gögn, sem talin eru í ákæru, og ákærðu yfirheyrðir.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þar á meðal einkum skýrslum ákærðu sjálfra, þykir fullsannað, að ákærðu hafi aðhafst það, sem þeir eru ákærðir fyrir. Hið eina, sem orkar tvímælis í lýsingu ákærunnar, er, að samkvæmt gögnum málsins virðist sem ákærðu hafi ekki í öllum tilvikum sett sín nöfn efst á lista í þátttökutilkynningum þeim, sem notaðar voru til að setja keðjuna af stað. A. m. k. í einu tilviki voru nöfn þeirra í 2. og 3. sæti. Þetta þykir þó ekki skipta máli um úrlausn málsins.

Samkvæmt 2. ml. 4. gr. laga 5/1977 er fjársöfnun með keðjubréfum óheimil. Samkvæmt skýrum orðum laganna virðist vafalaust, að ákvæðið á við atferli ákærðu, eins og því er lýst í ákæru.

Ásvaldur var dæmdur fyrir minni háttar líkamsárás árið 1978 og gekkst undir greiðslu sektar og ökuréttarsviptingu árið 1985, en Hallgrímur gekkst undir sams konar viðurlög árið 1984. Þessi sakaferill þykir ekki hafa þýðingu fyrir málið.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 5/1977 varðar brot ákærðu sektum. Hæfilegt þykir, að ákærðu greiði hvor um sig 150.000 kr. í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara.

Fullnægjandi upptökuheimild er í 69. gr. alm. hegningarlaga, í 1. tl. 1. mgr., að því er varðar haldlögð gögn, og í 3. tl. varðandi ágóða. Verjandi ákærðu hefur krafist frávísunar upptökukröfu, en engin efni eru til þess. Samkvæmt gögnum málsins, einkum skýrslu Hallgríms, þykir mega leggja til grundvallar, að hagnaður ákærðu hafi verið a. m. k. 3.000.000 kr., sem komu inn fyrir þátttökugjöld, auk a. m. k. 91.000 kr., sem ákærðu fengu út úr keðjunni. Ákærðu eiga rétt á því, að dreginn sé frá kostnaður, sem hefur orðið þannig, að stofnast hafi lögvarðar kröfur á hendur þeim. Ákærðu voru yfirheyrðir um þetta atriði fyrir dóminum, en engin haldbær gögn hafa komið fram fyrir einstökum kostnaðarliðum. Þeir kveðast hafa ráðið ónafngreinda kunningja sína á tímakaupi, án þess að ákvörðun væri tekin um, hvort þeir ynnu sem launþegar eða verktakar, notað síma og rafmagn og bifreiðar og haft kostnað af prentun og ljósritun. Samkvæmt skýrslu Hallgríms ætlaði Ásgeir Hannes Eiríksson að slást í félagsskap ákærðu, en hætti við vegna gjaldprots. Ákærðu segja hann hafa útvegað húsnæðið við Laugaveg og fengið 150.000 kr. af 1.200.000 kr. tékkanum fyrir afnot þess. Nafn Ásgeirs Hannesar er efst á þátttökulista, sem lagður hefur verið fram í málinu. Eins og ákærðu hafa gert grein fyrir tengslum Ásgeirs Hannesar

við fyrirtæki þeirra, verður ekki talið, að greiðslur til hans séu þess eðlis, að efni séu til að láta þær koma til frádráttar ávinningi við upptöku. Að öðru leyti þykja ekki efni til að álíta, að lækka beri þá fjárhæð, sem ákæruvaldið hefur krafist upptöku á, og verður þannig fallist á allar kröfur ákæruvaldsins. Ákærðu ber að greiða allan sakarkostnað að óskiptu, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ásvaldur Friðriksson greiði 150.000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara, greiðist sektin ekki innan 4 vikna. Ákærði Hallgrímur Sigurður Sveinsson greiði 150.000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti 30 daga varðhaldi til vara, greiðist sektin ekki innan 4 vikna.

Ákærðu greiði sakarkostnað að óskiptu, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Hafsteinssonar hdl., 50.000 kr., og 50.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs og sæti upptöku á skjölum í 17 kössum, 7 möppum með nafnalistum, kvittanahefti, tveimur pökkum með tölvudisklingum og ólöglegum ávinningi, 3.000.000 kr.